

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

18. FUNDUR HALDINN FÖSTUDAGINN 16 NÓVEMBER 2012.

Mæting: Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Berþórsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvason, Jón Ingi Skúlason, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Eiríkur Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningur.

Kynnt voru drög að nýjum Starfsmannaleigusamningi sem barst RSÍ á dögunum. Þar ætla ákveðnir aðilar að gera með sér samkomulag um að fara eftir þeim samningi sem kann að gilda á hverjum tíma í Noregi á milli ElogIT samtakanna og landssamtaka tækniverktaka (TELFO) fyrir þá aðila sem sem ráðnir eru í fyrirtækinu til að inna af hendi vinnu í Noregi. Samningur þessi er byggður á færeyskri fyrirmynd. Með slíkum samningi er staða íslenskra starfsmanna tryggð í tengslum við kjaramál.

Miðstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að gerður verði svona samningur, eins er ASÍ ekki mótfallið því, en vill fá að fylgjast með framvindu mála. Svona samningur hefur ekki verði gerður hér á landi áður, svo það er eins gott að vanda til verka.

Umræður urðu um málið og ýmsum spurningum velt upp, m.a. það stóra vandamál að verkafólk flæðir á milli landa á alls eftirlits.

Reiknað er með að 4 til 5 rafvirkjar fari á þennan samning til að byrja með.

3. Fundarferð um landið.

Langt komið með fundarferðina um landið og hafa fundirnir tekist í alla staði vel. Þátttaka félagsmanna almennt góð, og umræður líflegar. Atvinnuástand félagsmanna á landsbyggðinni almennt gott.

Fundarmenn hafa bent á að fjölga þurfi íbúðum í Reykjavík. Eins er vilji félagsmanna að hafa aðgang að sjúkraíbúð á Akureyri. Í dag eru 6 íbúðir til í Reykjavík og 3 á Akureyri. Einnig kom fram, að austfirðingar vilja sjá tjaldvagn staðsettan á Egilsstöðum.

Einnig ræddu fundarmenn um styrki sjóða sambandsins og vildu flestir sjá þá hærri.

Almennt séð þá voru allir á því, að sarsfsemi RSÍ væri í góðum farvegi en ýmislegt mætti bæta.

Endurskoðun á kjarasamningi.

Kanna þarf vilja félagsmanna til uppsagnar á samningi. Og hvað þarf að gera til að tryggja, að samningar haldi í byrjun næsta árs, og hvaða leiðir séu færar. Töluverð gremja var á meðal félagsmanna um kjör sín, taka þyrfti á í baráttu rafiðnaðarmanna.

Samþykkt að gera skoðanakönnun meðal félagsmanna, þó svo að sumir fundarmenn væru á þeirri skoðun að niðurstaða slíkrar könnunar gæti snúist í höndum okkar. Eitt er víst að forsendubrestur þarf að vera til staðar. Ef strikin halda þá verður ekkert af uppsögn. Þurfum að hækka laun félagsmanna með einhverjum ráðum.

4. Fjármál.

Kynnt tekjuuppgjör fyrir tímabilið jan- sept. 2012. Tekjuaukning milli ára er 8,89%. Ekki veruleg fjölgun á félagsmönnum á árinu. Launin hafa því hækkað um tæplega 9%. Kaupmáttaraukning á árinu er um 4%.

5. Erlent samstarf.

Þurfum að hefja undirbúning vegna sambandsstjórnarfundar sem haldinn verður á næsta ári. Að þessu sinni verður hann haldinn á Akureyri í maímánuði 2013. Eins þarf að skoða með aðalfundi félaganna 2013 því það þarf að að lagfæra lög okkar félaga svo þau samrýmist lögum annarra félaga svo sem EL&IT. Erum skuldbundnir að skilgreina réttindi félagsmanna okkar, er þeir snúa til baka t.d. frá Noregi og geta nýtt sér réttindi sjóðanna.

Samþykkt að virkja Laganefndina í þessa vinnu.

6. Fréttablað 2012/2013.

Þurfum að hefja öflun á efni í blaðið. Rætt um efnisöflunina og hvernig standa á að útgáfunni. Miðstjórnarmenn hvattir til að koma með góða sögu eða annað efni. Samþykkt að fá utanaðkomandi aðila til að vinna að blaðinu að einhverju leyti.

7. MálefnanefndirASÍ.

þurfum að tilnefnda í málefnanefndir ASÍ fyrir 10 des. Miðstjórnarmenn hvattir til að skoða, hvaða nefndir þeir hafa áhuga á að vera í, og hverjir vilja losna úr nefndum.

9.Önnur mál.

Ályktanir frá miðstjórn ASÍ.

Ályktun um skattlagningu á lífeyrisréttindi félagsmanna ASÍ. Ákveðið að fara í mál vegna þessa.

Einnig kynnt minnisblað frá miðstjórn ASÍ um kjarasamninga og fl.

Búið að ráða í starfið í móttökunni á 3ju hæðinni. Og hefur viðkomandi störf 1 desember n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.32.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.